

Skýrsla stjórnar Hins íslenska Biblíufélags

2018-2019

Aðalfundur Hins íslenska biblíufélags var haldinn þriðjudaginn 08. maí 2018 kl. 20 í Lindakirkju. Rúnar Vilhjálmsson var kosinn fundarstjóri en sr. Grétar st. Gunnarsson ritari. Á aðalfundi luku Arnfríður Einarsdóttir og Áslaug Björgvinsdóttir stjórnarstörfum sínum. Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Kristján Þór Gunnarsson komu ný inn í stjórn. Á liðnu starfsári sátu í framkvæmdanefnd Grétar Halldór Gunnarsson, varaforseti, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, ritari og Guðni Már Harðarson, gjaldkeri.

Stjórnarmenn eru : Agnes M. Sigurðardóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Guðni Einarsson, sr. Guðni Már Harðarson, sr. Grétar Halldór Gunnarsson, Rúnar Vilhjálmsson og sr. Sveinn Valgeirsson.

Forseti félagsins er biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir. Framkvæmdastjóri er Guðmundur Brynjólfsson. Verkefnastjóri er Einar Aron Fjalarsson.

Stjórnarfundir

Að tillögu forseta var stjórnafundum fækkað á liðnu starfsári. Alls voru haldnir 6 stjórnarfundir. Framkvæmdanefnd var þeim mun virkari í verkefnum félagsins.

Stóra myndin í stuttu máli

Stjórn Biblíufélagsins kynnti stefnu sína á stórum kynningarfundum með trúnaðarmönnum í Háteigskirkju. Yfirskrift fundarins var „Biblían og nýir miðlar.“ Lýsti sú yfirskrift áherslum Biblíufélagsins á þessum breyttu tímum þar sem fólk nálgast nú lesefni að vaxandi hluta í gegnum snjalltæki og tölvur. Miðar því starf Biblíufélagsins þessi misserin að því að auka aðgengi að Biblíunni á nýjum miðlum. Á fundinum var einnig Ann-Catherine Kvistad, fulltúi norska Biblíufélagsins, en heimsókn hennar markaði jafnframt lok fjárhagslegs stuðnings norðmanna við HÍB. Það flækir vissulega fjárhagsstöðu Biblíufélagsins, en HÍB hefur engu að síður sótt djörfulega fram á liðnu ári; Hópfjármagnaði hljóðritun Nýja testamentisins til notkunar í snjalltækjum, kláraði upptökur á Nýja testamentinu í samstarfi við hljóðbok.is. gerði Biblíutextann aðgengilegan á Biblíuappi Gideon-félaga, ákvað að breyta fyrirkomulagi á útgáfu B+ og stóð fyrir nokkrum söfnunum. Á fésbókarsíðu og heimasíðu félagsins, sem og í

notkun Biblíusnjallforrita hefur verið stöðugur og góður vöxtur. Ekki hafa verið jafn miklar heimtur af félagsgjöldum í mörg ár og má leiða að því líkur að fólk kunni að meta nýjar sóknir Biblíufélagsins þessi misserin.

Fundur í Háteigskirkju

Áðurnefndur fundur fór fram í safnaðarheimili Háteigskirkju þann 25. janúar. Á fundinn mættu trúnaðarmenn HÍB frá ýmsum kristilegum samfélögum á Íslandi og fleiri velunnarrar. Fundurinn var haldin undir yfirskriftinni „Biblían og nýir miðlar.“ Þar voru áherslur Biblíufélagsins kynntar; aukin sókn í síbreytilegum veruleika snjalltækja og í viðbragði við breyttum lesvenjum Íslendinga. Fjármál Biblíufélagsins voru jafnframt útskýrð og fundarmenn hvattir til að biðja fyrir félaginu, styrkja það og safna félagsmönnum. Fundurinn vakti athygli en útbúið var sérstakt kynningarefni sem var dreift á samfélagsmiðlum og víðar, sem gerði fólki ljóst hvert Biblíufélagið væri að stefna á komandi misserum.

Norðmenn hætta stuðningi

Ljóst hafði verið að stuðningi Norska Biblíufélagsins við HÍB myndi ljúka í ár. Ann-Catherine Kvistad fulltrúi Norðmanna kom á fundinn í Háteigskirkju og fundaði, með framkvæmdastjóra, stjórn og framkvæmdanefnd af því tilefni. Markmið fundanna var að leita raunhæfra leiða til að styrkja fjárhagslegar undirstöður Biblíufélagsins, en Anna Katrín sér um fjáröflunarmál hjá hinu norska Biblíufélagi. Hið íslenska Biblíufélag hefur fyrir vikið hafið undirbúning gagnagrunns til að halda utan um félagsmenn sína og stuðningsaðila. Slíkur gagnagrunnur mun gera okkur betur kleift að þekkja og rækta sambandið við stuðningsmenn okkar og velunnarra Biblíunnar á Íslandi. Jafnframt hefur framkvæmdanefnd leitað tilboða hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í að safna fjárhagslegum bakhjörllum.

Nýja testamentið á hljóðrænt form

Flestöll Biblíufélög í heiminum hafa séð til þess að texti Biblíunnar á þeirra tungumáli sé bæði aðgengilegur rafrænn og ókeypis fyrir tölvur og snjalltæki. Það sama hafa þau einnig gert varðandi hljóðritun ritninganna. Hið íslenska Biblíufélag vildi ekki láta sitt eftir liggja þar og lagði því af stað með að láta hljóðrita Nýja testamentið til notkunar í snjalltækjum. Í upphaf talaði stjórn Biblíufélagsins við bandarsísku samtökin Faith Comes by Hearing sem hafa annast hljóðupptöku Biblíunnar á mörgum tungumálum. Eftir mikla undirbúningsvinnu og heimsókn fulltrúa samtakanna hingað til lands var hinsvegar ákveðið að hverfa frá því að Faith Comes by Hearing hefði umsjón með hljóðupptökunni. Samstarf mun áfram haldast

gott við Faith Comes By Hearing sem ætla að hjálpa Biblíufélaginu í framtíðinni við áhugaverð verkefni. Þess má geta að Faith Comes By Hearing greiðir Biblíufélaginu 1000 \$ árlega fyrir að fá að hafa afnot af Biblíutexta þess í snjallforriti sínu sem þau hafa m.a. útbúið fyrir Gídeon félagið. Það var ljóst að hljóðritun Nýja testamentisins myndi kosta sitt og þess vegna var ákveðið að leggja af stað með hóp fjármögnun í febrúar 2019. Einar Aron Fjalarsson, verkefnastjóri HÍB, sá um hóp fjármögnunina sem gekk frábærlega vel en 164 aðilar gáfu meira en 2.1 milljón króna inn á Karonlína fund söfnunina. Þar að auki voru fjölmargir stuðningsmenn sem vildu leggja Biblíufélaginu lið með því að leggja beint inn á reikning þess. Var þetta mikilvægt hópefli fyrir kristið fólk í landinu sem lagði saman krafta sína til að gera þetta að veruleika. Fjármögnunin náði marki sínu löngu áður en formlegri söfnun átti að ljúka. Vakin var athygli á verkefninu og áformum Biblíufélagsins í blöðum og á netmiðlum. Samningur var gerður við Hljóðbók.is um að hljóðrita Nýja Testamentið. Guðjón Davíð Karlsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Arnar Jónsson, Kristján Franklin Magnús og Ragnheiður Steindórs lesa Nýja Testamentið. Upptökum er lokið og framkvæmdastjóri er við það að ljúka prófarkahlustun upptakanna. Gert er ráð fyrir að hljóðritun Nýja testamentisins verðir orðin aðgengileg á snjallsímum fyrir lok maímánaðar 2019.

Þá gerðist það ánægjulega að Hallgrímssókn hefur tilkynnt að hún ætli að ánafna 250.000,-kr til að hægt sé að leggja einnig í upptökur á Davíðssálmunum. Er sú gjöf gefin í minningu sr. Sigurðar Pálssonar sem lést á árinu, en hann starfaði lengi og vel fyrir Biblíufélagið á árum áður og jónaði einnig í Hallgrímskirkju.

Snjallforrit

Það var í upphafi ársins 2018 sem íslenska Biblíupýðingin (2007) var gerð aðgengileg í snjallforrit Youversion. Síðan þá hafa meira en 4000 notendur sótt íslenska Biblíutextann og 2946 Biblíuversum verið deilt á samfélagsmiðlum. Sýnileiki Biblíunnar á samfélagsmiðlum hefur aukist gífurlega við þetta. Biblíusölutölur síðasta árs sýna enda aukningu í Biblíusölu frá árunum áður! Snjallforritið ýtir á sama tíma undir aukinn Biblíulestur með fjölbreyttum lesáætlanum, en hópur íslenskra sjálfboðaliða hefur þýtt meira en 90 Biblíulesáætlanir með fjölbreyttum þemum. Þar að auki þá hefur íslenska Biblíupýðingin verið gerð aðgengileg á snjallforriti Gídeon félagsins og munu Gídeon félagar kenna fermingarbörnum á Íslandi að nálgast það um leið og það mun færa þeim Nýja testamentið.

Fésbókarsíða

Færslur birtast dag hvern á fésbókarsíðu Biblíufélagsins. Hefur þeim sem „líkar við“ fésbókarsíðuna fjölgað um meira en 120 manns á liðnu ári. Fésbókarfærslurnar þar ná að jafnaði til yfir 7000 manns í hverjum mánuði.

Heimasíða

Vefsvæði Biblíufélagsins, biblian.is, var endurnýjað frá grunni í janúar 2018 og hefur verið í stöðugri mótnun á þessu starfsári. Er það Halldór Elías Guðmundsson sem hefur séð um það og heldur utan um vefsíðuna. Vefsíðan fær að jafnaði rétt um 100 heimsóknir á dag og Biblíuleitarvélin er notuð daglega fyrir 60-70 leitir. Frá því að vefsíðan var tekin í notkun hefur leitarvélin á síðunni verið notuð ríflega 24.000 sinnum (leitarvélin var ekki virk frá 28. nóvember 2018 – 22. febrúar 2019, vegna skipta á vefþjóni)

Tuttugu algengustu leitarorðin í apríl voru t.d þessi: Ást, gleði, móðir, ráð, vei, ótti, ljós, „sælla er að gefa en þiggja“, Sálmannir, „óttast eigi“, hló, þak, sannleik, „Drottinn er minn hirðir“, vinur, Betania, börn, auðæfi, dyr og skírn.

Vefsvæði Biblíufélagsins er í stöðugri þróun til að mæta þörfum og væntingum notenda. Meðal þess sem framundan nefna tvennt sérstaklega. Fyrst, frekari þróun á framsetningu fjársafnanna í gegnum vefinn. Í öðru lagi er hafin vinna á sérstöku fræðsluvæði vefsíðunnar en þar verður hægt að nálgast ítarefni um Biblíuna á íslensku. Það efni er að stórum parti tilbúið en það útheimtir vinnu að gera það aðgengilegt á stafrænan hátt.

Framkvæmdastjóri.

Guðmundur Brynjólfsson er enn framkvæmdastjóri HÍB og er hann í hálfu starfi sem slíkur. Sem framkvæmdastjóri sinnir hann hefðbundnum verkefnum félagsins. Á hans forræði eru meðal annars safnanir, B+, Biblíulestraskrá, erlend samskipti, uppfærsla heimasíðufrétta , uppfærsla fésbókarsíðu og svör við fyrirspurnum sem félagið fær.

Verkefnisstjóri:

Eins og fram hefur komið þá er nú starfandi verkefnisstjóri hjá HÍB. Verkefnisstjóri þessi er Einar Aron Fjalarsson sem ráðinn er til eins árs, til að sjá um hóp fjármögnun hljóðritunar Nýja testamentisins, að koma hljóðrituninni á snjallforrit Youversion og Gídeon, og að tryggja að hljóðritunin verði jafnframt klippt saman við kvikmynd sem FCBH hefur útbúið og má nota við Biblíufræðslu. Einar Aron mun jafnframt fara fyrir því verkefni að láta þýða og talsetja Biblíuapp Youversion fyrir börn.

Biblíudagurinn og B+

Biblíudagurinn var haldinn hátíðlegur 24. febrúar. 2019. Í þeim sama mánuði hófst hóp fjármögnunin fyrir hljóðritun Nýja testamentisins til notkunar í snjalltækjum og tölvum. Því var ákveðið að áhersla Biblíudagsins þetta árið væri að vekja athygli á þeirri söfnun og hvetja fólkið í landinu til að taka þátt. Sent var bréf á presta og safnaðarleiðtoga í landinu og þeir hvattir til að segja frá söfnuninni og gefa fólki leiðbeiningar um hvernig mætti styðja við hana. Í Útvarpsmessunni á Biblíudaginn sem fram fór í Vídalínskirkju sagði sr. Jóna Hrönn frá Biblíufélaginu og þessu verkefni og hvatti fólk til þátttöku.

Sú ákvörðun var tekin á stjórnarfundum að breyta fyrirkomulagi útgáfu B+ Ákveðið var að B+ skyldi nú koma út að hausti, í léttari útgáfu, og að aðalefni þess skyldi vera fréttir tengdar Biblíufélaginu og Biblíunni. Mun framkvæmdastjóri félagsins, Guðmundur Brynjólfsson sjá um þá útgáfu.

Erlend samskipti

Það hefur verið vilji alþjóðlegu biblíuhreyfingarinnar að fá Hið íslenska Biblíufélag með viðameiri hætti inn í starf sitt. Guðmundur Brynjólfsson framkvæmdastjóri hefur því farið tvívegis út á vegum hennar á liðnu starfsári. Fyrst til Kúbu þar sem hann sótti ráðstefnu sem UBS bað HÍB um að senda fulltrúa á og svo til Noregs þar sem hann lærði á svokallað Solomon kerfi, sem er notað við safnanir Biblíufélaga um allan heim.

Fjármál félagsins

Biblíufélagið mun, eins og þegar hefur komið fram, ekki njóta áframhaldandi fjárstuðnings norska Biblíufélagsins en árið 2015 var undirritaður samningur milli félaganna um árlegan stuðning norska félagsins til HÍB til loka árs 2018. Þá gerðist það einnig í fyrra að Biblíufélagið fékk ekki beint fjárframlag frá Kristnisjóði og Kirkjumálasjóði fyrir árið 2018. Þá áttu fulltrúar stjórnar HÍB fund með Menntamálaráðherra og hafa átt frekari samskipti við Menntamálaráðuneytið í leit eftir fjárhagslegum stuðningi við menningarlega mikilvægt starf félagsins. Enn hafa þær umleitanir ekki borið árangur. Þetta þrennt gæti virst draga upp dökka mynd af fjármálum félagsins. En fjármál félagsins eru samt sem áður mun betri heldur en áður nefndar staðreyndir og fyrirbyggjandi ársreikningur gefa til kynna. Á fundi kirkjuráðs Þjóðkirkjunnar var þannig ákveðið, í lok árs 2018, að styðja Biblíufélagið um 3.000.000 króna fyrir árið 2019. Um leið er það gleðiefni að innheimta á félagagjöldum gekk gífurlega vel og fór langt fram úr væntingum, en það voru rúmlega 1200 félagsmenn sem greiddu félagsgjöld. Á sama tíma jafnaði norska Biblíufélagið hverja krónu sem safnaðist í söfnunum félagsins á

liðnu ári fyrir Haítí og Kína. Það var mjög mikilvægur styrkur því þessar safnanir gengu mjög vel. Tvö prófastsdæmi og 25 söfnuðir urðu þá einnig við beiðni um að styrkja Biblíufélagið og einnig lögðu nokkrir frjálsir söfnuðir inn umtalsverðar fjárhæðir í byrjun árs 2019. Yfirleitt var þar um að ræða stuðning við áframhaldandi sókn Biblíunnar inn á nýja miðla. Alþjóðlegu samtökin Faith Comes by Hearing hafa ákveðið greiða 1000 dollara árlega til HÍB fyrir notkun á íslensku Biblíuþýðinguni á Biblíuappi þeirra. Þegar horft er til framtíðar þá mun hljóðbókarvæðingin mun skila tekjum frá forritinu Storytel í hlutfalli við hlustun en þar verða öll 27 rit Nýja testamentisins aðgengileg sem hljóðbækur. Einnig hefur Biblíufélagið þegar lagt af stað við að fjölga meðlimum og hefur fjölgun félagsmanna verið nokkur á starfsárinu. Það má þakka hnapp á heimasíðunni sem og áttakinu Biblían og nýir miðlar. Þá hefur framkvæmdanefnd hefur nú leitað tilboða frá félagi sem sérhæfir sig í að safna fjárhagslegum bakhjörslum með áherslu á að fá félagsmenn til að gefa meira til félagsins.

Safnanir

Biblíufélagið var með tvær formlegar safnanir á árinu 2018. Annars vegar var um að ræða söfnun fyrir Haítí í kringum páska þar sem tæpar 900.000 krónur söfnuðust. Hins vegar var söfnun um jólin fyrir prentun Biblía í Kína þar sem á aðra milljón króna safnaðist.

Vandamál við páska og jólasafnanir hefur hins vegar verið mikill kostnaður við umslög, fréttabréf og valgreiðslukröfur sem hafa undanfarin ár numið allt frá 60% upp að rúmlega öllu söfnunarfé sem safnast hefur. Til að lækka kostnað ákveðið að bjóða uppá rafrænar safnanir og möguleikann á að nota greiðslukort til að styðja við starfið. Fjárfest var í slíku kerfi hjá Valitor sem jafnframt gefur möguleikann á að hefja netverslun með valdar vörur. Þetta er mikilvægt framfaraskref.

Kynningarmál

Samfélagsmiðlar hafa þá verið notaðir markvisst til að kynna starf félagsins. Keyptar hafa verið markhópamiðaðar auglýsingar á samfélagsmiðlum þegar þess hefur þótt þörf og eru þær í senn ódýrar og öflugar. Einnig hefur Biblíufélagið verið kynnt á fundum hjá ákveðnum hópum. Í kjölfar kynningarfundarins í Háteigskirkju voru ýmsir sem báðu um sambærilega kynningu og flutt var á fundinum í Háteigskirkju. Fór formaður framkvæmdanefndar og flutti erindi hjá kristilegu kvennasamtökunum Aglow, hjá eldri borgarastarfi Neskirkju, í eldri borgarastarfi Grafarvogskirkju, og á sameiginlegum fundi Kristilegs stúdentafélags og Kristilegrar skólasamtaka. Í lok fundanna var fólki gefið færi á að skrá sig sem félaga í

Biblíufélaginu sem og margir gerðu. Einnig fór framkvæmdastjóri á fundi hjá KFUM&K og hjá Samtökum áhugafólks um kristni á Íslandi og í viðtal á útvarpstöðinni Lindinni til þess að kynna félagið.

Lokaorð

Við lifum á nýjum tímum. Gjörbylting er að verða í því hvernig fólk nálgast lesið efni með mikilli og vaxandi notkun snjalltækja, hljóðbóka, hlaðvarpsforrita og svo má áfram telja. Ef Biblían á að vera að fullu aðgengileg þá þarf hún að vera aðgengileg á þessum nýju miðlum nútímasamfélags. Liðið starfsár voru áframhaldandi skref tekin í þá átt. Biblían og viska hennar hefur orðið mun meira áberandi á þessum nýju miðlum á liðnu ári og aðgengi að Biblíunni þannig verið aukið til muna. Vegna þeirra vinnu sem unnin hefur verið á liðnu starfsári þá mun hljóðritun Nýja testamentisins jafnframt verða aðgengileg á fjölbreytilegum vettvöngum. Almennigur á Íslandi mun eiga enn greiðari leið að Orðinu, bæði í hljóði og texta, en nokkru sinni hefur áður verið.

Stjórn Hins íslenska biblíufélags vill þakka velunnurum og þeim sem hafa lagt hönd á plóg með ýmsum hætti fyrir óeigingjarna aðstoð og þjónustu.

Mínumst félagsins og framtíðar þess í bænum okkar.

Fyrir hönd stjórnar Hins íslenska biblíufélags

Grétar Halldór Gunnarsson